

Almennir skilmálar heildsölusamninga Landsvirkjunar

02.12.2016

1. gr. Almenn ákvæði

Skilmálar þessir gilda um viðskipti með forgangsrafmagn milli *Landsvirkjunar* annars vegar sem seljanda, og söluþyrirtækis hins vegar, hér eftir nefnt *kaupandi*, hvor um sig einnig nefndur *aðili* og saman *aðilar*.

Með söluþyrirtæki er átt við fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, með þeim skilyrðum sem nánar eru ákveðin í raforkulögum, nr. 65/2003 og reglugerðum settum með stöð í þeim lögum.

Seljandi skuldbindur sig til að afhenda forgangsrafmagn á innmötunarstöðum í flutnings- og/eða dreifikerfinu, og kaupandi til að taka út rafmagn samkvæmt ákvæðum skilmála þessara og heildsölusamnings aðila. Þar sem ákvæði skilmála þessara kunna að stangast á við ákvæði heildsölusamnings sem gerður er á grundvelli þeirra, skulu ákvæði samningsins ráða.

Með heildsölusamningi í skilmálum þessum er átt við samning um sölu Landsvirkjunar á rafmagni til kaupanda sem ætlað er til endursölu.

Í skilmálum þessum og heildsölusamningum gerðum á grundvelli þeirra merkir forgangsrafmagn sú orka sem Landsvirkjun getur afhent með umtalsverðri vissu.

2. gr. Gildissvið o.fl.

Skilmálar þessir gilda um þá heildsölusamninga sem vísa til þeirra og skulu í þeim tilfellum vera hluti af viðkomandi samningi og fylgiskjal með honum.

Við gerð heildsölusamnings á grundvelli skilmála þessara skal liggja fyrir áætlun kaupanda um orkukaup þar sem fram kemur skipting áskrifaðs rafmagns næsta árs fyrir hvern mánuð bæði sem afl og orka, sbr. 3. gr. Kaupandi skuldbindur sig til að kaupa forgangsrafmagn í samræmi við ákvæði heildsölusamnings við seljanda.

3. gr. Fyrirkomulag og meðferð áætlana og pantana

Fyrirkomulag og meðferð áætlana og pantana verður með eftirfarandi hætti:

(1) Ársáætlanir

Við undirritun heildsölusamnings á grundvelli skilmála þessara, þar sem samningstími er eitt (1) ár eða lengri, skal liggja fyrir sundurliðuð áætlun um orkukaup kaupanda fyrir fyrsta ár samningstímans skipt niður á mánuði. Í samningum með gildistíma umfram eitt (1) ár skal kaupandi, fyrir 15. nóvember ár hvert, skila inn endurskoðaðri ársáætlun þar sem árlegum raforkukaupum samkvæmt heildsölusamningi er skipt niður á mánuði næsta árs.

Áætlun skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti. Ef áætlun er afhent með tölvupósti telst hún móttækin eftir að staðfesting Landsvirkjunar þess efnis hefur borist kaupanda.

(2) Pantanir

Fyrir kl. 12:00 á föstudögum skal kaupandi senda seljanda pantanir fyrir næstu 14 daga skipt niður á klukkutíma.

Pöntun er unnt að breyta hjá seljanda mánudag til föstudags og er innsendingartími pantana frá klukkan 8:00-15:00. Heimilt er að breyta gildi í pöntunum allt að hundrað tuttugu og fimm (125) mínútm fyrir afhendingu. Ef upp koma rekjanleg tæknileg vandamál við skil pantana er heimilt að skila pöntunum utan þess frests að fenginni heimild Landsvirkjunar. Seljandi getur ekki ábyrgst breytingar á pöntunum utan framangreinds tíma. Við pantanir skal kaupandi gæta þess að fara ekki yfir heimiluð aflmörksamkvæmt rafmagnssamningi aðila. Komi pöntun þar sem aflmörk eru umfram áskrifað afl verður slík pöntun ekki samþykkt. Pantanir eru grundvöllur reikningsuppgjors hvers mánaðar og viðmið við ársuppgjör, sbr. 6. og 7. gr.

4. gr.

Frávik raunúttektar og pantana

Frávik raunúttektar (mældrar úttektar) og pantana er gert upp með jöfnunarorku. Nánar er kveðið á um uppgjör jöfnunarorku í skilmálum Landsnets hf. um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku og gildandi reglugerðaákvæðum um framkvæmd og uppgjör jöfnunarorku. Kaupandi ber sjálfur alla ábyrgð á viðskiptum sínum á jöfnunarorkumarkaði Landsnets hf. vegna frávika í viðskiptum við Landsvirkjun, nema kaupandi og Landsvirkjun semji um annað. Dagleg framkvæmd kann jafnframt að vera háð öðrum reglum sem flutnings- og/eða dreifikerfisstjórn setur.

5. gr.

Verð og greiðslur

Um rafmagnsverð og önnur gjöld gilda ákvæði heildsölusamninga Landsvirkjunar og kaupanda og skal kaupandi greiða fyrir allt rafmagn sem pantað er samkvæmt heildsölusamningi á því verði og með þeim hætti sem í samningnum greinir.

Greiðslur fyrir samningsbundið rafmagn skal kaupandi inna af hendi mánaðarlega.

Verð á forgangsrafmagni fer eftir heildsölusamningi aðila.

Seljandi sendir kaupanda í byrjun hvers mánaðar reikning fyrir pantaða rafmagnsúttekt hans í mánuðinum á undan. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20. hvers mánaðar eða á næsta virka degi sé 20. dagur mánaðar frídagur. Séu reikningar ekki greiddir á eindaga skal seljanda heimilt að reikna fulla vanskilavexti frá gjalddaga eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni sbr. lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Greiðsla telst hafa farið fram þegar hún hefur borist inn á bankareikning seljanda.

Komi til þess að ný gjöld verði lögð á seljanda vegna flutnings raforku svo sem innmötunargjald flutningsfyrirtækis mun slíkur kostnaður bætast við reikninga kaupanda.

6. gr.
Reikningsuppgjör

Greiðslur fyrir samningsbundið rafmagn skal kaupandi inna af hendi mánaðarlega, sbr. 5.gr., á grundvelli þeirra pantana sem hann hefur gert fyrir einstaka daga í mánuðinum á undan.

7. gr.
Árslokauppgjör

Við lok hvers árs skal ávallt fara fram lokauppgjör miðað við áskrifað raforkumagn eins og það er tilgreint í heildsölusamningi.

Við ársuppgjör skal stemma af allan mismun milli heildarpantana ársins og áskrifaðs rafmagns. Hafi kaupandi pantað minni raforku en samningar hans kveða á um skal hann greiða fyrir það áskrifaða orkumagn sem tilgreint er í samningum. Í þeim tilfellum skal miðað við verð í þeim mánuði sem orkupöntun var lægri en áskrifað magn hverju sinni. Greiðslur fara fram í samræmi við ákvæði 5. og 6 gr.

8. gr.
Áreiðanleikakönnun

Landsvirkjun er heimilt að gera kröfu um að gerð verði áreiðanleikakönnun af óháðum aðila á fjárhagslegum styrkleika kaupanda. Á samningstímanum er Landsvirkjun heimilt að krefjast upplýsinga frá kaupanda er sýna fram á fjárhagslegt bolmagn hans til að standa við gerða samninga, s.s. ársreikninga eða árshlutauppgjör og/eða að óska bankatryggingar eða annars konar greiðslutryggingar sem Landsvirkjun metur jafngilda til að bæta tjón vegna hugsanlegra greiðsluferfiðleika eða annarra mögulegra vanefnda kaupanda.

9. gr.
Óviðráðanleg öfl

Í heildsölusamningi aðila skulu óviðráðanleg öfl (Force Majeure) hér með skilgreind þannig, að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsyfirlýsingu er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, byltinga, uppreisna, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, ísa, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennra stöðvunar á flutningum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta atvika á Íslandi sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu aðila samnings þessa. Í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl (Force Majeure) einnig taka til allsherjarverkfalla og svæðisbundinna verkfalla á Íslandi (að undanskildum staðbundnum verkföllum, verk- eða vinnustöðvunum á starfsstöð eða starfsstöðvum aðila, sem aðilar heildsölusamnings geta að einhverju marki haft áhrif á til lausnar), sem aðili sá, er fyrir slíku verður hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á, þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum sem honum voru tiltæk til að binda endi á ástandið.

Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðilanna um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt heildsölusamningi aðila teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu ef og að því leyti sem misbresturinn eða aðgerðarleysið er af völdum óviðráðanlegra aflu (Force Majeure).

Sá aðili sem vill bera fyrir sig óviðráðanleg öfl (Force Majeure) samkvæmt þessari 9. gr. skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra aflu. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessi varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra aflu (Force Majeure) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum (Force Majeure) eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

Hvor aðili skal tafarlaust tilkynna hinum um óviðráðanleg öfl (Force Majeure) sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna skuldbindingar hans samkvæmt heildsölusamningi aðila. Jafnframt skal aðilinn grípa til þeirra ráðstafana, sem eðlilegar mega teljast, til þess að draga úr áhrifum þess misbrests hans eða aðgerðarleysis um fullar efndir og skal hann strax og óviðráðanlegum öflum (Force Majeure) er ekki lengur til að dreifa gera allar eðlilegar ráðstafanir, sem á hans valdi eru, til að hefjast handa á ný um að efna slíkar skuldbindingar, með minnstu mögulegu töfum.

10. gr.

Takmörkun á ábyrgð

Landsvirkjun verður ekki gerð ábyrg fyrir beinu tjóni kaupanda, afleiddu tjóni hans eða viðskiptavina kaupanda þegar kaupandi getur af einhverjum ástæðum ekki tekið við rafmagni frá Landsvirkjun samkvæmt ákvæðum skilmála þessara og heildsölusamningi aðila. Þá ber Landsvirkjun ekki ábyrgð á tjóni sem verður vegna dráttar á afhendingu rafmagns ef sá dráttur varð vegna hindrunar sem hún fékk ekki ráðið við og ekki er unnt að ætlast til að Landsvirkjun hafi haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar með eðlilegum hætti.

Þá verður Landsvirkjun ekki gerð ábyrg fyrir tjóni sem verður vegna atvika sem komu til eftir að hún hefur afhent raforku inn í flutnings- og/eða dreifikerfið. Vanefnd telst ekki vera fyrir hendi af hálfu Landsvirkjunar, ef atvik er varða flutnings- og/eða dreifikerfið valda því að Landsvirkjun getur ekki komið rafmagni til kaupanda í réttu magni á réttum tíma.

11. gr.

Takmörkun á framsali

Kaupanda er óheimilt er að framselja heildsölusamninga sem gerðir eru á grundvelli skilmála þessara, hvort sem er í heild eða að hluta, sem og öll réttindi eða skyldur samkvæmt slíkum samningum, án samþykkis Landsvirkjunar.

12. gr
Endurskoðun

Verði, að mati Landsvirkjunar, verulegar og/eða ófyrirsjáanlegar breytingar á aðstæðum orkufyrirtækja á samningstímanum, sem kunna að leiða til verulegra breytinga á samsetningu innkaupa kaupanda hjá Landsvirkjun, skulu heildsölusamningar sem gerðir hafa verið á grundvelli skilmála þessara, endurskoðaðir að ósk annars hvors aðila m.t.t. þeirra raskana sem tengjast slíkum breytingum.

13. gr.
Skerðingar

Komi til þess að Landsvirkjun þurfi að skerða afhendingu forgangsrafmagns vegna aðstæðna í miðlægu orkuöflunarkerfi sínu skulu slíkar skerðingar aðeins koma til að undangenginni skerðingu á afgangssorku til viðskiptavina Landsvirkjunar, eftir því sem við verður komið og að teknu tilliti til takmarkana í flutningskerfinu. Landsvirkjun skal, áður en til skerðinga forgangsrafmagns kemur grípa til allra tiltækra ráða, sem eru viðskiptalega hagkvæm, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr nauðsynlegri skerðingu forgangsrafmagns.

Þar sem því verður komið við skal Landsvirkjun tilkynna kaupanda, með eins ríflegum fyrirvara og mögulegt er, um allar skerðingar á forgangsrafmagns, umfang skerðingar og áætlað skerðingartímabil, ef unnt er að áætla það. Kaupandi skal bregðast við skerðingum forgangsrafmagns með því að grípa til allra mögulegra ráðstafana sem takmarka mögulegt tjón hans, á meðan skerðingu stendur.

14. gr.
Viðgerðir og viðhald

Landsvirkjun er heimilt að stöðva eða skerða afhendingu samningsbundins rafmagns þegar nauðsyn krefur vegna árlegs viðhalds eða vegna stækkana, viðgerða eða eftirlits. Slík stöðvun eða skerðing skal aðeins gerð í samráði við kaupanda og skal Landsvirkjun leitast við að framkvæma þær á þann hátt að kaupandi geti varist tjóni eftir því sem auðið er.

Landsvirkjun skal gera sitt ítrasta til að takmarka hverja slíka stöðvun eða skerðingu á afhendingu rafmagns eins og kostur er og ljúka aðgerðum svo fljótt sem auðið er.

15. gr.
Stöðvun afhendingar og riftun

Komi til vanskila á greiðslum kaupanda til seljanda vegna kaupa á forgangsrafmagni, og vanskil vara lengur en einn (1) mánuð, þá er seljanda heimilt að stöðva afhendingu rafmagns til kaupanda inn á flutningskerfið samkvæmt heildsölusamningi/um þar til kaupandi hefur greitt hlutaðeigandi vanskilaskuldir að fullu ásamt áföllnum dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Seljandi skal tilkynna kaupanda um stöðvun á afhendingu rafmagns vegna vanskila með tíu (10) daga fyrirvara. Seljanda er jafnframt heimilt að stöðva afhendingu forgangsrafmagns á grundvelli annarra heildsölusamninga við kaupanda vegna vanskila með sama fyrirvara.

Komi til þess að vanskil vegna kaupa á forgangsrafmagni vari umfram tvo mánuði, skal seljanda heimilt að rifta samningi samkvæmt almennum riftunarreglum. Seljandi skal tilkynna kaupanda um riftun vegna vanskila með tíu (10) daga fyrirvara.

16. gr.
Deilumál

Rísi ágreiningur út af skilmálum þessum eða heildsölusamningum, gerðum á grundvelli þeirra, skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining í sameiningu. Náist ekki sættir skal heimilt að reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Aðilar geta þó komið sér saman um skipun gerðardóms, ef ágreiningur kemur upp og aðilum hefur reynst ókleift að ná samkomulagi. Ákveði aðilar að skipa gerðardóm skuldbinda þeir sig til að hlíta niðurstöðu hans. Um málsmeðferð gerðardóms fer samkvæmt lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma en að öðru leyti gilda meginreglur laga um meðferð einkamála.

Gerðardómur þessi skal skipaður þremur mönnum og skulu aðilar tilnefna sinn fulltrúann hvor. Þriðji fulltrúinn, sem jafnframt er formaður gerðardómsins, skal skipaður af dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Ef annar aðili samnings þessa skipar ekki sinn fulltrúa í gerðardóm skal dómstjóri jafnframt skipa hann.

17. gr.
Gildistaka

Heildsöluskilmálar þessir skulu taka gildi þann 2. desember og gilda þar til þeim verður breytt af hálfu Landvirkjunar með sjálfstæðum nýjum skilmálum eða breytingarviðauka.